

Nr. 056 / 10 Hvítá BA 118**Vélarvana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 1823
Smíðaður: Esbjerg / Stykkishólmur 1987, plast
Stærð: 5,3 brl. 7 bt.
Mesta lengd: 9,55 m Skráð lengd: 9,45 m
Breidd: 2,54 m Dýpt: 0,98 m
Vél: Volvo Penta 77 kW, 1994
Fjöldi skipverja: 1



Hvítá©Hafbór Hreiðarsson

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 26. nóvember 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 19. maí 2010 var Hvítá BA 18 suður af Arnarstapa. Veður: SA 3-6 m/sek. (Hraunsmúla)

Þegar bátsverjinn ætlaði að kippa á veiðislóðinni, þar sem bátinn rak upp að Geltinum, fór vélin ekki í gang þar sem startarinn virkaði ekki en spennumælir sýndi nægjanlegt rafmagn. Bátsverjinn kallaði á nálæga báta en fékk engin svör og kastaði út akkeri sem stöðvaði rekið. Síðan kallaði hann í strandstöð og Hítará tók Hvítá BA í tog inn til Arnarstapa.

Við rannsókn kom fram:

- að sögn bátsverjans heyrðist lágt „urrr“ frá startaranum í fyrsta starti um morguninn en þegar reynt var aftur ræsti hann vélina eðlilega;
- að nýr startari var tiltækur um borð en ekki var unnt að koma honum við fyrr en komið var í höfn. Nýi startarinn ræsti ekki vélina en þegar straumur var tekinn beint af rafgeymum með lausum startkapli ræsti hann vélina;
- að farið var aftur út á veiðislóðina eftir að tengt hafði verið framhjá hnífrofum en þeir voru einu hlutirnir sem voru gamlir í rafkerfinu. Nýir hnífrofar voru síðan settir á lögnina;
- að báturinn hafði staðið á landi frá 2001 þar til núverandi eigandi keypti hann í desember s.l. og endurbyggði.

Nefndarálit:

Orsök bilunarinnar voru ónýtir hnífrofar.